


Alþingi  
Erindi nr. P 139/2468  
komudagur 17.5.2011

Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 17. maí 2011  
Tilvísun: 2011040553VEL/--

### **Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili**

Persónuvernd vísar til tölvubréfs yðar, dags. 29. apríl 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili (706. mál á 139. löggjafarþingi, þskj. 1225. Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið, en tekið skal fram að athugun hennar byggist eingöngu á sjónarmiðum sem liggja að baki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Tjáir stofnunin sig ekki um efni frumvarpsins að öðru leyti.

#### *I.*

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að lögregla skuli tilkynna félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags um brottvísun af heimili. Þá segir í ákvæðinu að í því skyni sé lögreglu heimil miðlun persónuupplýsinga að því marki sem hún verður talin nauðsynleg vegna vinnslu málsins. Af framangreindu ákvæði verður ekki annað ráðið en að lögreglu sé falið að meta í hverju tilviki fyrir sig hvaða upplýsingum er nauðsynlegt að miðla til félagsþjónustu sveitarfélags af tilefni brottvísunar.

Með vísan til þessa vill Persónuvernd taka eftirfarandi fram. Upplýsingar um það, hvort að einstaklingur hafi gerst sekur um refsivert brot eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil verður hún bæði að eiga sér stoð í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.


Þá segir í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar *sérstök heimild* samkvæmt öðrum lögum. Í athugasemdum þeim er fylgdu þessum tölulið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir m.a. að mat á því hvort lagastoð er fyrir hendi ræðst hverju sinni af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis, en því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér þeim mun ótvíræðari þurfi lagaheimildin að vera. Enn fremur segir í athugasemdunum að skýring slíks ákvæðis ráðist þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Þá segir í athugasemdunum að skilyrði 2. tölul. verði tæplega talið uppfyllt nema fyrir liggi að löggjafinn hafi skoðað slík sjónarmið en engu síður talið vinnsluna nauðsynlega vegna almannahagsmuna.

Með hliðsjón af framangreindu, 7. gr. laga nr. 77/2000, um meðalhóf og áreiðanleika, og 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, leggur Persónuvernd það til að í ákvæðinu sé skýrt nánar hvaða upplýsingum lögreglu sé heimilt að miðla til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags.

## II.

Í samræmi við framangreint leggur Persónuvernd til að ákvæði 16. gr. frumvarpsins verði gert skýrara svo ljóst sé hvaða persónuupplýsingum lögreglu verði heimilt að miðla til félagsþjónustu í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

Virðingarfyllst

  
Vigdís Eva Lindal  
lögfræðingur